

Miðvikudaginn 3. júlí 1991.

Nr. 156/1987. **Kópavogskaupstaður**

gegn

**db. Þórðar Þorsteinssonar,**

**db. Helgu Sveinsdóttur,**

**Sveini Þórðarsyni og**

**Sigríði Lúthersdóttur**

**og til réttargæslu**

**Halldóru Þórðardóttur,**

**Guðmundi Marinó Þórðarsyni og**

**Þórði Erni Guðmundssyni**

**og**

**Guðmundur Marinó Þórðarson**

gegn

**db. Þórðar Þorsteinssonar,**

**db. Helgu Sveinsdóttur,**

**Sveini Þórðarsyni og**

**Sigríði Lúthersdóttur.**

Gagnaöflun. Læknaráð

### Úrskurður Hæstaréttar.

Dómarar í máli þessu eru hæstaréttardómararnir Guðrún Er-  
lendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Hjört-  
ur Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Lögmenn málsaðila hafa óskað þess, að málið verði lagt fyrir  
læknaráð til umsagnar og tilgreind í sameiginlegu bréfi til Hæsta-  
réttar þau atriði, er um verði fjallað. Með hliðsjón af þeim atriðum  
og með vísan til 1. og 2. mgr. 2. gr., 1. mgr. 4. gr. og 4. mgr.  
6. gr. laga um læknaráð nr. 14/1942 þykir rétt að æskja þess, að  
læknaráð láti uppi rökstutt álit um eftirfarandi:

1. Telur læknaráð læknisfræðileg gögn málsins fullnægjandi  
grundvöll að matsgerðum lækna Ársæls Jónssonar og Ásgeirs  
Karlssonar frá 22. febrúar 1984 og 5. október 1985?

2. Fellst læknaráð á niðurstöður nefndra matsgerða?

3. Telur læknaráð, að ótvíæð læknisfræðileg vísna sé fyrir því,  
að andlegri heilbrigði Þórðar heitins Þorsteinssonar hafi verið svo  
háttað 10. september 1980, er hann undirritaði samning þann við

Kópavogskaupstað, sem um er deilt í málinu, að hann hafi þá verið ófær um að skilja efni hans og þýðingu?

4. Verði svar neikvætt, óskast umsögn lækningaráðs um álitafnið.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Lækningaráð láti í té álitserð um framangreind álitafni.